

Breyting á Aðalskipulagi Dalabyggðar - Ólafsdal Viðbrögð við athugasemdum við auglýsta tillögu	
Umsagnaraðili	Viðbrögð
1. Minjastofnun Íslands	
Hefur ekki athugasemdir við þessar aðalskipulagsbreytingar.	Dalabyggð þakkar fyrir umsögnina. Ekki er þörf á lagfæringum tillögu.
2. Vinir íslenskrar náttúru Sveinn Runólfsson	
Á blaðsíðu 6 í greinargerðinni er eftirfarandi: 3. Staða í skipulagi Hverfisvernd - Sértek ákvæði: Í dálknum undir Lýsing stendur neðst: Svæðið í heild hefur mikið menningarsögulegt gildi. Þar fyrir aftan í dálknum um Skipulagsákvæði stendur: <i>Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið.</i> Lagt er til að þessi setning verði alfarið felld út úr greinargerð aðalskipulags Dalabyggðar fyrir Ólafsdal, af eftirfarandi ástæðum. 1. Það hefur hvergi komið fram faglegur rökstuðningur fyrir því að einhver þörf sé á uppgræðslu. Það er mat undirritaðs að engin þörf sé á uppgræðslu í Ólafsdal. Auk þess sem hún gæti aldrei orðið í sátt við menningarlandslagið. 2. Sömu rök gilda um skógrækt því engin rök hafa verið lögð fram fyrir því að einhver þörf sé á skógrækt í Ólafsdal. Allar trjá- og runnategundir sem þrífast á víðavangi í Ólafsdal hafa tilhneigingu til að dreifa sér út frá gróðursetningar stöðum og hylja fornminjar í jörðu. Sama er hvaða trjategundir yrðu notaðar, þær hljóta þegar fram líða stundir að ógna þeim einstöku menningarminjum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins. 3. Það er því fráleitt að ætla að skógrækt geti orðið í sátt við menningarlandslagið í Ólafsdal.	Ekki er verið að breyta þessari setningu eða eiga við ákvæði hverfisverndarsvæðis HV7 að neinu leyti í aðalskipulagsbreytingu þessari og því á þessi athugasemd ekki við.

3. Guðrún Hallgrímsdóttir	
Ólafsdalur í Dalabyggð Deiliskipulag breyting 1. Samræmast fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Ólafsdals tillögum Dalabyggðar um stofnun Þjóðgarðs með miðstöð í Ólafsdal? 2. Hefur lögbundin minjarannsókn farið fram á fyrirhuguðum stækkuðum byggingareitum? 3. Samræmast tillögur um byggingu smáhýsa varðveisluaáætlun Ólafsdals? 4. Undirrituð varar alvarlega við fyrirhuguðum gróðurbreytingum skv lið 8 „Endurheimt fjölbreytts gróðurfars“ og sér engin rök fyrir gróðursetningu í Ólafsdal. Engar rannsóknir hafa farið fram á upphaflegum gróðri né vitað við hvaða tímabil yrði miðað.	Umsögn þessi fjallar um deiliskipulagsbreytingu í Ólafsdal, en ekki aðalskipulagsbreytingu og eru viðbrögð við þessa umsögn því þar að finna.

4. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands	
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir á að gera þarf ráð fyrir rotþró við þjónustuhús.	Rotþró við þjónustuhús hefur verið bætt inn á <u>deiliskipulagsuppdrátt</u> en er ekki sýnd á aðalskipulagsuppdretti.
5. Rögnvaldur Guðmunsson	
Í 7. gr. samningsins kemur fram að „Við endurbyggingu og endurgerð húsa og mannvirkja verður horft til þess að þau hafi eftir því sem kostur er þau eðlis- og útlitseinkenni sem þau höfðu í upphafi. [...] Jafnframt kann að vera að byggðar verði nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær munu falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður.“	Þessi athugasemd á efnislega við deiliskipulag Ólafsdals en verður samt svarað hér. Í greinargerð með breytingu á <u>deiliskipulagi</u> Ólafsdals eru settir skipulagsskilmálar um útlit bygginga og samræmi við heildarmynd svæðisins, sbr. Skilmála um byggingarreit 3.2.20: "Húsin skal móta þannig að þau falli sem best að heildarsviptomíti byggðarinnar í Ólafsdal og styrki þá heild sem fyrir er. Jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform skal liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi." Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar leggur til að byggingarreitur 3.2.20 fyrir smáhýsi verði færður til að raska ekki sögulegu útliti húsatorfunnar. Smáhýsi þau sem Minjavernd hefur lagt til í deiliskipulagi eru í samræmi við samkomulag frá 2015, eins og sést í tilvitnun, en Dalabyggð tekur undir að þau eigi ekki vel heima á þeim stað sem er í auglýstri tillögu. Nefndin leggur fram 3 ástæður fyrir þessu: 1. Húsin takmarka og þrengja að slóð/vegi inn í dalinn, þar sem á aðra hönd er bratti og hina friðaðar beðasléttur. Dalurinn sjálfur þarf að vera aðgengilegur gestum, án þreningar.

	2. Húsin skyggja á stórkostlegt úsýni inn í dalinn frá þeim húsum sem komin eru, ekki síst útsýni úr fjósi, sem er stórkostlegt. 3. Húsin skerða sögulegt gildi húsabyrpingarinnar, þar sem ekki var einkennandi að byggja fjölmörg smáhýsi saman í því menningarlandslagi sem húsabyrpingin er. Til að bregðast við þessu er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsabyrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorfunnar. Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.
Þrátt fyrir þessa miklu seinkun framkvæmda, sem má túlka sem brot á samkomulaginu frá 2015, óskar Minjavernd hf., sem er <i>nota bene</i> er 77% í eigu ríkis og borgar, nú eftir að reisa allt að 26 nýjar byggingar til viðbótar á þessari merku og viðkvæmu þjóð- og minjajörð. Flatarmál þeirra sjö bygginga sem samið var um að endurreisa árið 2015 var alls um 1.100 m² en með öllum nýjum byggingum vill Minjavernd hf. fá leyfi til að auka byggingarmagnið í allt að 2.500 m² eða um 130%. Þetta má teljast vel í lagt af hálfu Minjaverndar hf.	Hámarksbyggingarmagn á verslunar- og þjónustusvæðinu VP20 Ólafsdal (18,3 ha) er skilgreint 2.500 fm. Deiliskipulag Ólafsdals er ekki að fullnýta þessa byggingarheimild aðalskipulags að svo stöddu. Núverandi skólahús er 400 fm og auk þess eru tilgreindir samtals 940 fermetrar á öðrum byggingarreitum innan deiliskipulagssvæðis. Stærstu viðbótar byggingarheimildir í deiliskipulagsbreytingu eru: • Allt að 400 fm samtals fyrir smáhýsi til gistingar á reit 3.2.20. • Á Ólafsdalseyri við mynni Ólafsdals, er bætt við byggingarreit fyrir allt að 100m² bátanaust, en reiturinn fyrir það umtalsvert stærri, þannig að hægt sé að staðsetja bygginguna þar sem hún raskar engum minjum. Eins og segir í greinargerð með deiliskipulagsbreytingu: <i>Við mat á því hve mikið skuli að hámarki byggt í Ólafsdal er höfð hliðsjón af öllum húsum staðarins þegar þau hafa verið flest. Leyfilegt byggingarmagn á svæðinu á sér því stoð í sögu staðarins. Í samningi Minjaverndar við íslenska ríkið og Ólafsdalsfélagið frá árinu 2015, kemur fram að jafnframt kunni að verða byggðar nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær muni falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður, sjá 7. grein samningsins:</i> <i>7. grein. Við endurbyggingu og endurgerð húsa og mannvirkja verður horft til þess að þau hafi eftir því</i>

	<i>sem kostur er þau eðlis og útlitseinkenni sem þau höfðu í upphafi. Þó verði jafnframt horft til þess að byggingar nýtist sem best og taki eftir því sem eðlilegt þykir út frá viðhorfum Minjaverndar, mið af nútímakröfum um byggingar. Þannig geti einstaka byggingar tekið breytingum frá upphaflegu horfi svo nýtast megi betur. <u>Jafnframt kann að vera að byggðar verði nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær munu falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður.</u></i>
--	--

Hingað til segir Minjavernd hf. að framkvæmdir í Ólafsdal hafi kostað um 700 milljónir og að allt verkið muni kosta um 1.200 milljónir. Miðað við að nú eru búið að vinna í fjórum byggingum af sjö sem stóðu á tímum Ólafsdalsskólans og verki við þær er ekki lokið má draga í efa að þessi áætlun standist, þar sem þá verða eftir nær 30 byggingar á óskalista félagsins. Því telur Ólafsdalsfélagið nú brýnt að staldra við þannig að Dalabyggð samþykki að svo komnu máli ENGAR framkvæmdir Minjaverndar hf. í Ólafsdal umfram endurreisn þeirra þriggja bygginga sem nefndar eru í samningum frá 2015 sem enn hefur ekki verið hafin bygging á. Hér er um að ræða gamla skólahúsið (Suðurhúsið), hjallinn og tóvinnuhúsið, alls um 450 m². Það er engan veginn tímabært að leyfa frekari framkvæmdir Minjaverndar hf. í dalnum í ljósi framgöngu þeirra og afkasta hingað til.	Minjavernd sjálf hyggst ekki reisa aðrar byggingar en þær sem fjallað er um í samningi frá árinu 2015. Lögð er til þessi breyting á aðalskipulagi til að þeir aðilar sem munu taka að sér rekstur staðarins þegar Minjavernd hefur lokið uppbyggingu gamalla húsa, eigi þess kost að búa starfseminni rýmri húsakost og gera hana þannig rekstrarhæfari. Við breytingu þessa er horft til framtíðar og möguleika staðarins til að laða til sín, og taka vel á móti, fjölda gesta og blómstra sem áhugaverður og spennandi áfangastaður sem rekur sig.
1. Aðdragandi og markmið Tillaga Minjaverndar hf er að landnotkun í Ólafsdal breytist úr afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF- 10) í svæði fyrir verslun og þjónustu (VP-20). Ólafsdalsfélagið telur óþarf að breyta skilgreiningu á Ólafsdal yfir í verslun- og þjónustu. Félagið leggur til að svæðið verði áfram skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF-10) enda rúmast það innan þeirrar skilgreiningar með hóflegri gistingu og veitingum. Auk þess passar sú skilgreining betur við þjóðgarð í Ólafsdal með gestastofu, skipulagðri leiðsögn og fræðslu fyrir ferðamenn.	Skilgreining Afþreyingar- og ferðamannasvæða í skipulagsreglugerð er fremur takmörkuð og orðast í heild svo: "<i>Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.</i>" Sú gististarfsemi sem fyrirhuguð er í Ólafsdal rúmast ekki innan skilgreiningar um fjallaskála eða tjald- og hjólhýsasvæða og á því betur heima undir flokknum Verslun og þjónusta. Fjölbreytt starfsemi í Ólafsdal við móttöku og þjónustu við ferðafólk, fræðslu og afþreyingu, rúmast vel innan þjóðgarðs, verði ákveðið að gera svæðið að þjóðgarði, sjá umræðu um þjóðgarða, markmið þeirra og hlutverk hér neðar.

Þá er gert ráð fyrir því að deiliskipulagssvæðið í Ólafsdal stækki þegar svæði er skilgreint á Ólafsdalseyrum (<i>Eyrartúninu</i>) sem er hugsað fyrir sjósækna afþreyingu, s.s. báta- og kajaksiglingar og verður hluti af VP-20. Þessi áformaði byggingarreitur á Eyrartúninu (3.2.21) er mjög stór, yfir 3 hektarar (allt túnið er um 5 hektarar). Á túninu er umfangsmesta beðasléttusvæði í Ólafsdal frá tímum Ólafsdalsskólans og líklega það stærsta á Íslandi. Þeim landbúnaðarminjum er þar með stefnt í hættu.	Á Ólafsdalseyri við mynni Ólafsdals, þar sem bætt er við byggingarreit fyrir allt að 100m² bátanaust, var áður skv. heimildum allstórt fjárhús með hlöðu, en sjáanleg ummerki eru ekki lengur fyrir hendi. Minjar voru skráðar árið 2018¹ og eru þær sýndar á uppdrætti og er byggingarreitur utan verndarsvæðis skráðra minja. Finnist áður óþekktar minjar við framkvæmdir fer með þær í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012. Svæðið sem skilgreint er á áreyrunum er minni en 3 ha sem helgast af því að svæði að 3 ha eru skilgreind með hringtákn á aðalskipulagsuppdrætti. Lóðin sem skilgreind er á deiliskipulagsuppdrætti er 1,2 ha og byggingarreitur 3115 m², utan beðasléttuminja. Byggingarreitur er hafður rúmur til að svigrúm sé til að ákvarða besta legu og staðsetningu bátaskýlis þegar að hönnun þess og byggingu kemur, en hámarks byggingarmagn á reitnum er 100 m². Í skilmálum deiliskipulags kemur fram að: "<i>Leitast skal við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við lækki á svæðinu og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum, næsta umhverfi vatnsins og öðrum gróðri á svæðinu.</i>" Skilmálar deiliskipulags tryggja þannig að landbúnaðarminjar verði ekki í hættu.
---	---

¹ Sjá hér: https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2187.pdf

Þetta eru auk þess áform sem ekki voru í samningi Minjaverndar hf. við ríkissjóðs Íslands og Ólafsdalsfélagið árið 2015. Minjavernd hf. þarf að leggja áherslu á að standa við þann samning, þ.e. að endurreisa einnig gamla skólahúsið (Suðurhúsið), hjallinn og tóvinnuhúsið. Ekkert er enn byrjað á þessum húsum, nær 10 árum frá samningi. Ólafsdalsfélagið fer því fram á að þessum byggingarreit 3.2.21 verði hafnað að svo komnu máli.	Í samningi Minjaverndar við íslenska ríkið og Ólafsdalsfélagið frá árinu 2015 kemur fram að jafnframt kunni að verða byggðar nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær muni falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður. Er því eðlilegt að gera ráð fyrir í breytingu aðalskipulags að færa inn þau áform öll, fremur en að breyta aðalskipulaginu oft, með tilheyrandi kostnaði. Ekki er fallist á að hafna byggingareit 3.2.21 fyrir 100 m² bátanaust á Ólafsdalseyrum.
--	--

3. Staða í skipulagi

Hverfisvernd - Sérækt ákvæði

Þar segir m.a. undir *Skipulagsákvæði*. „Öll uppbygging skal vera í sátt við menningarlandslag og stuðla að varðveislu minjaheildar.“ Gott og vel, en þá skulu orð standa.

Því neðar segir síðan. „Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið.“ Þessi setning gengur þvert á þá fyrri. Ólafsdalsfélagið krefst þess því að þessi setning verði alfarið felld út úr greinargerð aðalskipulags Dalabyggðar fyrir Ólafsdal, af eftirfarandi ástæðum sem tilgreindar eru í umsögn VÍN frá 13. febrúar 2025 (Sveinn Runólfsson, fyrrverandi landgræðslustjóri og formaður VÍN):

1. „Það hefur hvergi komið fram faglegur rökstuðningur fyrir því að einhver þörf sé á uppgræðslu.[...] Auk þess sem hún gæti aldrei orðið í sátt við menningarlandslagið.“
2. Sömu rök gilda um skógrækt því engin rök hafa verið lögð fram fyrir því að einhver þörf sé á skógrækt í Ólafsdal. Allar trjá- og runnategundir sem þrífast á víðavangi í Ólafsdal hafa tilhneigingu til að dreifa sér út frá gróðursetningar stöðum og hylja fornminjar í jörðu. Sama er hvaða trjátegundir yrðu notaðar, þær hljóta þegar fram líða stundir að ógna þeim einstöku menningarminum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins.
3. Það er því fráleitt að ætla að skógrækt geti orðið í sátt við menningarlandslagið í Ólafsdal.“

„Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið.“ Þessi setning er úr aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032², og er ekki viðfang þessarar breytingar á aðalskipulagi. Deiliskipulag Ólafsdals og breyting á því, hefur þetta ákvæði hverfisverndarsvæðis HV-7 Ólafsdalur að leiðarljósi og skal fylgt. Haft var samráð við fulltrúa Skógræktarinnar (nú Land og skógur) við breytingu á deiliskipulagi Ólafsdals árið 2022, þegar skógræktarsvæði (nú *svæði til endurheimtar fjölbreytts gróðurfars*) voru afmörkuð, um val á lágvöxnum tegundum sem gætu hentað á svæðinu. Í breytingu sem gerð er á sama deiliskipulagi samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari eru þau svæði sem nefnd voru *skógræktarsvæði* nú nefnd *endurheimt fjölbreytts gróðurfars*, til að koma til móts við athugasemdir sem lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari í Ólafsdal óhóflega með skógrækt.

Er áréttað að ætlunin er að styðja við að gróðurfar geti breyst á náttúrulegan hátt og sú breyting verði ekki til að skerða minjar staðarins né minjagildi hans í heild, í samræmi við skilmála hverfisverndarsvæðis HV7 og í samræmi við samstarfssamning íslenska ríkisins, Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins um endurreisn bygginga og menningarlandslags, sem undirritaður var árið 2015, og einnig í samræmi við samning íslenska ríkisins og Minjaverndar um verndun, uppgræðslu og umsjón menningarlandslags í Ólafsdal, sem einnig var undirritaður árið 2015. Í þessu skyni er gróðursvæðum fækkað og þau minnkuð, með hliðsjón af uppfærðri minjaskráningu og samráði við Minjastofnun. Sérstök afmörkun þessara svæða á uppdrætti og setning skýrra skilmála þeim að lútandi í deiliskipulagi er ekki síst hugsuð til að stuðla að vernd gróðurfars og minjaheilda í Ólafsdal. Eins og

	segir í breytingu á deiliskipulagi: „<i>Svæði til endurheimtar gróðurfars verða lítil og dreifð og eru afmörkuð á uppdrætti með tilliti til minjaskráningar og vistgerðakorts Náttúrufræðistofnunar Íslands með það fyrir augum að hlífa minjum, votlendi og svæðum með vistgerðir sem hafa verndargildi.</i> <i>Breyting á gróðurpekju dalsins mun eiga sér stað á löngum tíma og bera þess keim að hún sé frekar af náttúrulegum orsökum en af manna völdum.“</i>
--	---

² Sjá hér, bls. 196:

<https://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=ZYTzwAjEs0yOWsGwLMquA>

4. Efnistöð skipulagsbreytinga Verslun og þjónusta- Sértek ákvæði þar segir m.a. undir <i>skipulagsákvæði</i>: „<i>Svigrúm fyrir gististaði í flokki II og IV [...] með allt að 100 gistirúm [...] Hámarks byggingarmagn er 2.500 m².</i>“ Flatarmál þeirra sjö bygginga sem samið var um að endurreisa árið 2015 frá tíma Ólafsdalsskólans var alls um 1.100 m² en með öllum nýjum byggingum vill Minjavernd hf. fá leyfi til að auka byggingarmagnið í allt að 2.500 m² eða um 130%. Einnig leyfi til að tvöfalda gistirýmið úr 25 í 50 herbergi. Því telur Ólafsdalsfélagið nú brýnt að staldra við þannig að Dalabyggð samþykki að svo komnu máli ENGAR framkvæmdir Minjaverndar hf. í Ólafsdal umfram endurreisn þeirra þriggja bygginga sem nefndar eru í samningum frá 2015. Hér er um að ræða áform um umsvifamikinn hótélrekstur á merktum sögu- og minjastað þar sem fræðsla og leiðsögn ætti að vera ráðandi.	Byggingarmagn er aukið til að styrkja rekstrargrundvöll staðarins og laða að rekstraraðila sem hafa burði til að lyfta staðnum til fyrri virðingar. Skilmálar um hámarksbyggingarmagn byggja á samanlagðri stærð þeirra bygginga sem voru í Dalnum þegar mest lét. Fræðsla, leiðsögn og gistipjónusta geta vel farið saman, sérstaklega á stað sem þessum sem er nokkuð úr alfaraleið. Gistipjónusta á staðnum gefur gestum tækifæri til að dýpka upplifun sína á staðnum og eyða þar meiri tíma en ella.
Þessi vinnubrögð við mat á umhverfsáhrifum framkvæmda eru móðgun við minjastaðinn Ólafsdal og Landmótun ehf. tæplega til framdráttar. Enda er niðurstaðan ekki trúverðug. Hér hefði fyrirtækið átt að leita umsagna hlutlausra sérfræðinga, s.s. á sviði ferðamála, fornminja, sagnfræði, byggingarsögu, gróðurfars og landslagsheilda. Einnig kanna afstöðu ferðamanna, sem og íbúa og ferðapjónustuaðila í nárenninu (Dalabyggð og Reykhólasveit) sem vel þekkja til Ólafsdals.	Eins og kemur fram í umhverfismatsskýrslu var haft ítarlegt samráð við Minjastofnun við móttöku tillögu. Mikilvægt er að þeim skilmálum sem settir eru sé fylgt eftir við framkvæmdir á svæðinu. Í breytingu á deiliskipulagi Ólafsdals segir m.a. um reit 3.2.20: "Jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform skal liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi," og er það ákvæði sett til að tryggja að útfærsla á smáhýsum samræmist heildarsvipmóti svæðisins og verði ekki til að rýra gildi þess. Til að bregðast við athugasemdum er gerð sú lagfæring á auglýstri tillögu að byggingareitur 3.2.20 er fluttur norðaustur fyrir húsapýrpinguna þar sem hvorki eru skráðar minjar né beðasléttur. Á þeim stað er áhrif þeirra talin minni á menningarlandslag húsatorunnar. Skilmálar um að jákvæð umsögn Minjastofnunar Íslands um byggingaráform á reitnum skuli liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi eru að mati nefndarinnar talin styðja vel við verndarsjónarmið.
Þjóðgarður, gestastofa og víkingaaldarminjar í Ólafsdal Ólafsdalsfélagið telur hugmyndir um stofnun þjóðgarðs í Ólafsdal, sem settar voru fram í skýrslu starfshóps fulltrúa Dalabyggðar fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið í október 2024, afar áhugaverðar. Starfshópurinn lagði til að ráðuneytið vinni tillögur um friðlýsingarkosti í Dalabyggð og að stofnaður verði þjóðgarður í sáttn við íbúa og hags-	Dalabyggð tekur undir að hugmyndir um stofnun þjóðgarðs geti verið áhugaverðar, en bendir á að hugtakið þjóðgarður er mjög víðfeðmt, en innan þeirra er oft mjög fjölbreytt starfsemi, búseta, alls lags atvinnustarfsemi og jafnvel iðnaður. Sem dæmi má nenda að í 2. gr. laganna um Vatnajökulsþjóðgarð segir að markmið með stofnun þjóðgarðsins sé að vernda landslag, lífríki,

munaaðila.

„Lagt er til að kannað verði hvort gestastofa í Þjóðgarði í Dalabyggð yrði staðsett í Ólafsdal. Fornleifafræðingar og aðrir fagaðilar gætu stundað þar sín fræði og rannsóknir. Gestastofa gætu mögulega hýst Ólafsdalsfélagið og stutt við upplýsingagjöf á svæðinu.“

Jákvæð áhrif Þjóðgarða á Íslandi eru mikil og hagur Þjóðarbúsins og nágretta sveitarfélaga af þeim margfaldur á við kostnað við stofnun þeirra og rekstur. Þjóðgarður í Ólafsdal, sem fleiri friðlýst svæði í Dalabyggð yrðu síðan hluti af, myndi efla ferðaþjónustu á svæðinu, fjölga störfum og hafa þar með jákvæð samfélagsleg áhrif.

Loks bendir Ólafsdalsfélagið á að í aðalskipulagstillögum Minjaverndar hf. er engin umfjöllun um merkar landsnámsminjar sem fundust í Ólafsdal haustið 2017, um 1 km norðan við bæjartorfunna, né um hvernig með þær skuli farið að rannsóknnum loknum. Rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands á þeim hafa nú staðin í sjö ár, 2018-2024. Ólafsdalsfélagið telur mjög brýnt að minjarnar verði gerðar aðgengilegar öllum sem í Ólafsdal koma, að húsaskipan sjáist, og að markviss fræðsla verð á niðurstöðum rannsókna, bæði við staðinn sjálfan og í *Gestastofu Ólafsdals*. Með Þjóðgarði í Ólafsdal má tryggja að svo verði.

jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skuli almenningi aðgengi að Þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um Vatnajökulsþjóðgarð er einnig umfjöllun um markmiðin með stofnun Þjóðgarðsins. Þar segir að stofnun Þjóðgarðsins sé til þess fallin að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans. Sem dæmi þá eru sett þrjú meginmarkmið fyrir Vatnajökulsþjóðgarð, í verndar og stjórnunaráætlun garðsins. Þau eru:

- að vernda, viðhalda og þróa,
- að upplifa
- að skapa.

Að vernda, viðhalda og þróa:

-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja verndun náttúru og menningarminja og viðhald gæða og sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Að upplifa:

-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja að það sé einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði sem gestur, sem starfsmaður eða vísindamaður og að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í Þjóðgarðinum eða á áhrifasvæði hans.

Að skapa:

-Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að ýta undir að gæði og sérstaða Þjóðgarðsins sé nýtt til frekari eflingar atvinnu og búsetu á svæðinu, til nýsköpunar í atvinnulífi, til listsköpunar og miðlunar á menningu svæðisins. Sú grunnhugsun að Þjóðgarðurinn þjóni ekki aðeins náttúruvernd heldur einnig vexti og viðgangi samfélagsins á áhrifasvæði hans er í góðu samræmi við nútímalegar áherslur í mótun Þjóðgarða. Vatnajökulsþjóðgarður er því eðlilega og óhjákvæmilega samstarfsverkefni stjórnsýslu, íbúa og fyrirtækja. Allir þessir aðilar þurfa að ná sátt um sameiginlegar áherslur og skuldbinda sig til að fylgja þeim en njóta í staðinn þess aukna afkasturs sem fæst þegar allir leggjast á eitt. Þetta sýnir að ef Ólafsdalur verður gerður að Þjóðgarði þá kemur það ekki í veg fyrir að fjölbreytt starfsemi geti þróast á staðnum, heldur hvetur þvert á móti til þess. Uppbygging í Ólafsdal er tækifæri til að miðla menningarsögu staðarins með fjölbreyttum

	aðferðum og einnig til að þjóna vexti og viðgangi samfélagsins m.a.a með því að skapa störf og þannig forsendur fyrir búsetu á svæðinu, í samræmi við nútímalegar áherslur í mótun þjóðgarða.
Loks bendir Ólafsdalsfélagið á að í aðalskipulagstillögum Minjaverndar hf. er engin umfjöllun um merkar landsnámsminjar sem fundust í Ólafsdal haustið 2017, um 1 km norðan við bæjartorfunna, né um hvernig með þær skuli farið að rannsóknum loknum. Rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands á þeim hafa nú staðin í sjö ár, 2018-2024. Ólafsdalsfélagið telur mjög brýnt	Aðalskipulagsbreyting þessi varðar ekki landnámsminjar sem staðsettar eru innar í dalnum, og eru því ekki teknar til umfjöllunar hér. Fjallað er um minjarnar og skráningu þeirra í upprunalegu deiliskipulagi Ólafsdals. Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir að minjarnar verði gerðar aðgengilegar almenningi að rannsóknum loknum, sem mætti verða til þess að laða enn fleiri gesti og
að minjarnar verði gerðar aðgengilegar öllum sem í Ólafsdal koma, að húsaskipan sjáist, og að markviss fræðsla verði á niðurstöðum rannsókna, bæði við staðinn sjálfan og í <i>Gestastofu Ólafsdals</i> . Með þjóðgarði í Ólafsdal má tryggja að svo verði.	breiðari hóp til Ólafsdals, og gefa tilefni til lengri dvalar á svæðinu, bjóði aðstæður og innviðir upp á það. Verði það niðurstaðan er enn mikilvægara að innviðir svæðisins séu traustir og byggðir upp til að taka við þeim fjölda sem mun vilja gera sér leið þangað. Við fund víkingaaldarskálans þróuðust frekari hugmyndir um gönguleiðir, brýr og merkingar um dalinn og jafnframt var unnið að hugmyndum um bættu aðkomu ferðamanna almennt, til að auka möguleika á upplifun fólks. Sótt var um aðkomu verkefnisins að "Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum". Niðurstaða felur í sér fjárstyrk til alls þessa hluta uppbyggingar ferðaþjónustu á svæðinu sem er mjög gleðilegt og opinber viðurkenning á verkefninu.
6. Torfi Ólafur Sverrisson	
1. Breytt skilgreining á landnotkun Í tillögunni kemur fram að Minjavernd vill fá breytingu á landnotkun í Ólafsdal úr því að vera skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði í verslunar og þjónustusvæði. Ég fæ ekki séð að starfsemin hófleg gistingar-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, sem fyrirhuguð er, kalli eftir breytttri skilgreiningu á landnotkun, hún rúmast fyllilega innan núverandi skilgreiningar. Dalabyggð hefur lagt fram tillögu um að Ólafsdalur verði gerður að þjóðgarði. Þar eru upp mjög góðar hugmyndir að framtíðarskipan og hlutverki um gestastofu, leiðsögn og ýmiskonar fræðslu fyrir ferðamenn. Óskað er eftir að skilgreiningu landnotkunar verði ekki breytt.	Skilgreining <i>Afþreyingar- og ferðamannasvæða</i> í skipulagsreglugerð er í heild sinni þannig: " <i>Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.</i> " Sú gististarfsemi sem fyrirhuguð er í Ólafsdal rúmast ekki innan þessarar takmörkuðu skilgreiningar um fjallaskála, tjald- og hjólhýsasvæði. Breytingin er gerð til að svæðið megi þróast og verða að fýsilegri rekstrareiningu og hæfir aðilar sjái raunhæft að staðurinn reki sig. Fjölbreytt starfsemi í Ólafsdal við móttöku ferðafólks, fræðslu og afþreyingu, getur vel rúmast innan þjóðgarðs, verði ákveðið að gera svæðið að þjóðgarði.
2. Stækkun deiliskipulagssvæðisins	

Í tillögunni er gert ráð fyrir að deiliskipulagssvæðin nái nú til rúmlega 3 hektara svæðis á Ólafsdalseyrum (Eyrartúninu). Á Eyrartúninu eru umfangs mesta beðasléttan í Ólafsdal frá tíð bændaskólans. Minjavernd vill fá þetta svæði undir sjósækna afþreyingu, eins og báta og kajaksiglingar. Samningur ríkisins við Minjavernd frá 2015 gerir ekki ráð fyrir þessu og því eru þessi áform ekki í samræmi við hann.	Í samningi Minjaverndar og Ólafsdalsfélagsins við íslenska ríkið frá árinu 2015, felst að félagið endurreisir byggingar og hefur umsjón með menningarlandslagi á svæðinu. Með samkomulaginu er áfram tryggð frjáls för almennings um svæðið. Samkomulagið felur m.a. í sér að Minjavernd tekur að sér að endurbyggja gamla skólahúsið og önnur þau hús sem uppi standa enn að einhverju leyti svo og að endurgera þau hús sem áður stóðu þar og tengdust rekstri og starfrækslu skóla Torfa. Í samningnum frá árinu 2015 kemur einnig fram að jafnframt kunni að verða byggðar nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær muni falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður, sjá 7. grein samningsins:
Auk þess veit ég ekki til þess að lögbundin minjarannsókn hafi átt sér stað á þessu svæði. Nefnt var hér að ofan að Dalabyggð hefur lagt til við ríkið að stofnaður verði þjóðgarður í Ólafsdal. Frekari stækkun deiliskiplagssvæðis í því ljós tel ég að afar óskynsamlegar að svo komnu máli. Það þarf á að leyfa áformum um stofnun þjóðgarðs að þróast áður en eitthvað er ákveðið um frekari landnýtingu. Óskað er eftir að stækkun deiliskiplagssvæðisins verði hafnað eða fresta.	<i>7. grein</i> <i>Við endurbyggingu og endurgerð húsa og mannvirkja verður horft til þess að þau hafi eftir því sem kostur er þau eðlis og útlitseinkenni sem þau höfðu í upphafi. Þó verði jafnframt horft til þess að byggingar nýtist sem best og taki eftir því sem eðlilegt þykir út frá viðhorfum Minjaverndar, mið af nútímakröfum um byggingar. Þannig geti einstaka byggingar tekið breytingum frá upphaflegu horfi svo nýtast megi betur. Jafnframt kann að vera að byggðar verði nýjar byggingar svo starfsemi geti þrífist, en þær munu falla fullkomlega að þeirri heildarmynd sem fyrir er og verður.</i> Minjaskráning fór fram í Ólafsdal við Gilsfjörð, þ.m.t. á áreysrum Ólafsdalsár, árið 2018 og er vitnað til skráningarinnar í breytingu á deiliskipulagi og hún sýnd á deiliskipulagsupprætti (sjá: https://fornleif.is/wp-content/uploads/2023/07/FS708_16132_Fornleifaskraning-i-landi-Olafsdals.pdf) Þegar Minjavernd hefur lokið uppbyggingu gamalla húsa í Ólafsdal munu aðrir aðilar taka við rekstri staðarins og getað hagað honum eftir því sem rammi skipulagsins býður uppá. Fjölbreytt starfsemi á við þá sem fyrirhuguð er í Ólafsdal getur vel rúmast innan þjóðgarðs og er til þess falin að styrkja starfsemi þjóðgarðs, svo sem hvað varðar að vernda, viðhalda og þróa, að upplifa, og að skapa, en það eru sem dæmi markmið Vatnajökulsþjóðgarðs (skv. stjórnunar- og verndaráætlun garðsins), og mætti gera sér í hugarlund að markmið þjóðgarðs í Ólafsdal/Dölunum yrðu af áþekkum toga (sjá frekari umfjöllun um nútíma þjóðgarða og hlutverk þeirra hér fyrir neðan).

7. Torfi Markússon	
1. Áform um plöntun trjáa í Ólafsdal. Um er að ræða einstakt menningarlandslag í Ólafsdal sem hefur varðveist m.a. vegna hóflegrar beitar í dalnum og að ekki varð um frekari búskap að ræða eftir 1970. Því hefur beðasléttum, einstök vatnsveitukerfi og öðrum einstökum jarðavegsminjum ekki verið raskað. Að kalla þessi áform um trjáplöntun „endurheimt fjölbreytts gróðurfars“ er hlægilegt en jafnframt sorglegt. 1.1 Það á því ekki að planta einu einasta tré í Ólafsdal og vísa ég m.a. í umsagnir Vina íslenskrar náttúru	Breyting þessi á aðalskipulagi fjallar ekki um áform um plöntun trjáa. Athugasemd þessi fjallar um breytingu á deiliskipulagi Ólafsdal sem gerð er samhliða breytingu á aðalskipulagi. Breytingin er gerð til að koma til móts við athugasemdir sem borist hafa við deiliskipulagið og lýsa áhyggjum um að í ráði sé að breyta gróðurfari óhóflega með skógrækt. Breyting þessi er gerð til að árétta að svo er ekki, og er farið nánar í það í greinargerð breytingar. Sérstaklega afmörkuð

varðandi það. Einnig hafa fornleifafræðingarnir, sem hafa í mörg undanfarið sumur verið við fornleifa rannsóknir í Ólafsdal, alfarið lagst gegn trjáplöntun í dalnum.	gróðursvæði eru hugsuð til að styrkja minjavernd svæðisins og tryggja að minjar verði ekki fyrir skemmdum af völdum gróðurs.
2. Áform um byggingu smáhýsa og annarra bygginga sem ekki voru á tímum búnaðarskólans í Ólafsdal. 2.1 Þessi smáhýsa áform eru gersamlega úr takti við allt á svæðinu og þá einstöku minjaheild sem fyrir er og var áður. 2.2 Það er Minjavernd til skammar að fara fram á ofangreind áform og í því fellst ekki minjavernd heldur beinlínis aðför að þeim einstöku jarðvegs- og byggingaminjum sem eru í dalnum. Ólafsdalur og það menningarlandslag og minjar sem þar eru er vonandi enn ekki það mikið raskað af framkvæmdum Minjaverndar að dalurinn geti komist á heimsminjaskrá UNESCO. Því verður að stoppa þessi áform Minjaverndar.	Dalabyggð tekur undir að byggingarreitur smáhýsa er ekki heppilega staðsettur, eins og lýst er hér ofar í athugasemdum. Athugasemd þessi á að öðru leyti frekar heima við breytingu á deiliskipulagi Ólafsdals sem gerð er samhliða breytingu á aðalskipulagi, og verður brugðist við þessari athugasemd þar.
3. Skora ég á Dalabyggð að hafna með öllu þessum áformum Minjaverndar og fella m.a. úr gildi allar heimildir til trjáplöntunar í Ólafsdal.	Ekki er fjallað um heimildir til plöntunar trjáa í breytingu á aðalskipulagi. Ákvæði um hverfisverndarsvæði HV7: "Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og stuðla að uppgræðslu og skógrækt í sátt við menningarlandslagið." Er úr gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 og er ekki gerð breyting á því hér.
1. Annað. Megi áform um þjóðgarð í Ólafsdal verða að veruleika. Slíkt væri Dalamönnum sem og landsmönnum öllum og komandi kynslóðum til heilla.	Verði Ólafsdalur gerður að þjóðgarði þá kemur það ekki í veg fyrir að fjölbreytt starfsemi geti þróast á staðnum, heldur hvetur þvert á móti til þess. Uppbygging í Ólafsdal er tækifæri til að miðla menningarsögu staðarins með fjölbreyttum aðferðum og einnig til að þjóna vexti og viðgangi samfélagsins m.a.a með því að skapa störf og þannig forsendur fyrir búsetu á svæðinu, í samræmi við nútímalegar áherslur í mótun þjóðgarða.

